

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Norður-Héraði.

1. gr.

Sveitarstjórn Norður-Héraðs er heimilt að leggja á sorphirðu og sorpeyðingargjöld sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Innheimta skal sorphreinsunargjald að lágmarki kr. 6.000 af hverri íbúð og þeim fyrirtækjum sem notfæra sér slíka þjónustu vegna kaffistofu og eldhúss. Gjöld vegna sumarhúsa skulu vera kr. 3000 á hvert hús.

Sorpeyðingargjald að lágmarki kr. 6.000 skal greiða fyrir móttöku og eyðingu úrgangs frá hverju fyrirtæki í sveitarfélaginu. Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og þeir sem stunda búrekstur á jörðum í sveitarfélaginu.

3. gr.

Gjöldin eru sem hér greinir:

- | | | |
|--------------|---|----------------------|
| a. Íbúðir | kr. | 6.000 á hverja íbúð. |
| b. Sumarhús | kr. | 3.000 á hvert hús. |
| c. Fyrirtæki | Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun: | |
| Flokkur A | kr. | 6.000 |
| Flokkur B | kr. | 12.000 |
| Flokkur C | kr. | 18.000 |
| Flokkur D | kr. | 36.000 |
| Flokkur E | kr. | 72.000 |
| Flokkur F | kr. | 144.000 |
| Flokkur G | kr. | 240.000 |

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni og eða rúmmáli úrgangs.

4. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt c-lið 2. greinar. Þá er sveitarstjórn og heimilt að endurákvarða flokkun vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Norður-Héraðs, er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og til að öðlast þegar gildi við birtingu í Stjórnatíðindum.

Samþykkt eftir tvær umræður 8. febrúar 2000.

Brúarási, 2. maí 2000.

F.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs,
Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.